

Vísbendingar um einelti

Eftirfarandi punktar geta verið vísbendingar um að nemandi sé lagður í einelti eða að það þurfi að vinna með líðan hans. Athugið þó að þessi listi er ekki tæmandi og atriðin geta verið vísbendingar um aðra erfiðleika hjá nemandanum. Við hvetjum foreldra til að ræða við kennara ef eitthvað af þessu gildir um þeirra barn.

Líkamlegar

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur, sérstaklega á morgnana
- Rifin föt og/eða skemmdar eigur
- Líkamlegir áverkar s.s. skrámur og marblettir sem nemandi getur ekki útskýrt

Hegðun

- Nemandi verður niðurdreginn eða órólegur á sunnudagskvöldum eða síðasta kvöldið í skólaleyfi
- Kvíðaeinkenni t.d. nagar neglur, stamar, kækir ýmis konar
- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst
- Nemandi neitar að segja frá hvað amar að
- Árásargirni og erfið hegðun
- Breytingar á skapi
- Tíður grátur, viðkvæmni
- Svefntruflanir, fær martraðir
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi
- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði
- Depurð, þunglyndiseinkenni, sjálfsvígshugsanir

Félagslegar

- Nemandi virðist einangraður og einmana
- Nemandi fer ekki í og fær ekki heimsóknir
- Nemandi á fáa eða engi vini og vill ekki taka þátt í félagsstörfum

Í skóla

- Nemandi hræðist að fara einn í og úr skóla, biður um fylgd eða fer aðra leið
- Leggur fyrr af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað
- Fer aðra leið en hann er vanur í og úr skóla/íþróttum
- Byrjar að skrópa
- Nemandi mætir iðulega of seint
- Nemandi forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- Nemandi hætir að sinna náminu, einkunnir lækka, einbeitingarörðugleikar
- Einangrar sig frá skólafélögum.

Á heimili

- Nemandi neitar að fara í skólann
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni
- Biður um auka vasapening
- Týnir peningum og/eða öðrum eigum
- Neitar að leika sér úti eftir skóla.
- Nemandi byrjar að leggja önnur börn eða systkini í einelti
- Reynir að fá foreldra sína til að tala við kennarann, skólafélagana eða aðra foreldra